

### Mál nr. 3

#### **Knattspyrnudeild Keflavíkur gegn Knattspyrnueild Fjölnis**

##### ***Kæra Keflavíkur***

Þann 4. júlí fór fram leikur í A riðli 3. flokks milli Fjölnis og Keflavíkur á Fjölnisvelli. Þegar leikurinn átti að hefjast kom í ljós að það vantaði annan línuvörðinn. Fjölnir tók þá ákvörðun að láta leikinn fara fram með tveimur dómurum þrátt fyrir að Keflavík legðist gegn því. Keflavík vildi fara að lögum og hafa einn dómara og tvo línuverði, en við því var ekki orðið. Keflvíkingar létu hafa sig í að spila leikinn með tveimur dómurum.

Við viljum kæra þennan leik og láta á það reyna hvort þetta er löglegt. Ef kærán verður ekki tekin til greina viljum við að Fjölnir sé áminntur fyrir að bjóða upp á svona upptöku. Við óskum eftir skriflegu svari eins fljótt og auðið er.

Rúnar V. Arnarsson

Formaður Knattspyrnudeildar Keflavíkur

##### ***Úrskurður Knattspyrnudólmstóls KSÍ***

Ár 2001, fimmtudaginn 14. júní kom nýr dómstóll KSÍ saman í húsakynnum KSÍ í Laugardal. Dómnum hefur borist kæra dags. 11. júní 2001 frá Keflavík knattspyrnudeild varðandi leik í A-riðli 3. flokks milli Fjölnis og Keflavíkur á Fjölnisvelli þann 4. júní sl. Mál þetta er nr. 2/2001.

Þar sem kærán uppfyllir ekki skilyrði 6. greinar um Dómstól KSÍ var málinu vísað frá.

##### ***Úrskurðarorð***

Máli þessu er vísað frá.

Gunnar Guðmundsson

Ath. Bent er á ákvæði 5.2 í lögum um dómstól KSÍ þar sem segir: Sé máli vísað frá dómi hefur kærandi þriggja daga frest til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn. Frestur skal byrja að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagar skulu ekki telja með.